



**Umhverfisráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík**

Stykkishólmi, 30. nóvember 2009

Efni: Athugasemdir og tillögur vegna „Velferð til framtíðar. Megináherslur 2010-2013. Drög til kynningar á VI. Umhverfisþingi 9.-10. október 2009”.

Undirritaður sat Umhverfisþingi 9.-10. október síðastliðinn og þakkar fyrir áhugavert og gefandi þing. Einnig fagnar hann því að fram séu komin drög að megináherslum stjórnvalda varðandi sjálfbæra þróun á árunum 2010-2013. Margt jákvætt kemur fram í drögunum en í þessu bréfi verða ekki rakin öll þau góðu verkefni sem nefnd eru, heldur verða hér settar fram athugasemdir varðandi tvo þætti: Annars vegar skort á verkefnum sem snerta framandi ágengar tegundir og hins vegar er lagt til að starfsemi sveitarfélaga verði í auknum mæli færð í átt til sjálfbærni.

Framandi ágengar tegundir

Framandi ágengar tegundir eru á meðal alvarlegustu umhverfisvandamála Jarðarinnar og valda árlega gríðarlegu tjóni á náttúru, þ.á.m. líffræðilegri fjölbreytni. Íslendingar eru auðvitað ekki lausir við ágengar tegundir og má þar nefna sem dæmi mink, lúpínu og skógarkerfil. Fleiri varasamar tegundir eru komnar til landsins og virðast hafa náð bólfestu, s.s. spánarsnigill og bjarnarkló.

Undirritaður saknar þess að sett séu metnaðarfull markmið í „Megináherslurnar” hvað varðar þennan málaflokk. Mikilvægt er að taka á þeim tegundum sem þegar ógna líffræðilegri fjölbreytni en einnig má ekki gleyma að verulegur sparnaður felst í aðgerðum gegn ágengum tegundum á meðan þær eru sjaldgæfar og/eða staðbundnar samanborið við að bíða eftir að þær verði algengar og/eða útbreiddar.

Fljótt á litið virðist framkvæmdaáætlun um mat á umfangi vandans og aðgerðir eiga heima í kafla II. „Verndun náttúru Íslands” en þar er í lið 7.1 stefnt að viðhaldi fjölbreytileika tegunda og vistgerða, sem ágengar tegundir vinna gjarnan gegn. Einnig væri æskilegt að í kafla III. „Sjálfbær nýting auðlinda”, lið 11, væri tekið fram að ágengar tegundir, skv. skilgreiningu NOBANIS-verkefnisins (www.nobanis.org) yrðu ekki nýttar til landgræðslu á svæðum þar sem þau gætu ógnað líffræðilegri fjölbreytni. Síðast en alls ekki síst ættu aðgerðir gegn framandi ágengum tegundum að koma fram í 17. lið um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, því þær eru mikil ógn við líffræðilega fjölbreytni og sjálfbæra þróun.

Náttúrustofa Vesturlands gaf nýlega út skýrslu um ágengar plöntur í Stykkishólmi. Skýrsluna má finna á heimasíðu stofunnar (www.nsv.is/skyrslur.htm) en í henni er allitarlegur inngangur um framandi ágengar tegundir og stöðuna hér landi.



Umhverfisvottun sveitarfélaga

Sveitarfélög sinna stórum hluta af nærþjónustu opinberra aðila við almenning. Ef nást á verulegur árangur í viðleitni til sjálfbærari starfshátta samfélagsins er því að mati undirritaðs mjög brýnt að sveitarfélögin verði virkjuð í auknum mæli. Vissulega standa sum sveitarfélög sig vel hvað þetta varðar en margt má þó betur fara.

Í nýlegri greinargerð Náttúrustofu Vesturlands er lagt til að öll sveitarfélög landsins hefji, með stuðningi ríkisins, nú þegar undirbúning að sjálfbærnivottun á starfsemi sinni. Þannig yrði öll vinna að framförum í umhverfismálum mun markvissari og leiðin til sjálfbærrar þróunar skýrari og greiðfærari.

Hugmyndin er útfærð í greinargerð sem finna má á heimasíðu Náttúrustofunnar á slóðinni www.nsv.is/skyrslur.htm.

Í „Megináherslunum“ mætti t.d. fjalla um þennan möguleika í kaflanum „Leiðir sveitarfélaga“ en vottunarferlið tekur síðan til allra kaflanna 17 að einhverju eða verulegu leyti.

Virðingarfyllt,

Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður